


Gildandi skipulag

MKV. 1:1.000




Breytt skipulag

## Skýringar

- Skipulagsmörk
- Lóðamörk
- E Einbýlishús
- R Raðhús/parhús
- F Fjölbýlishús
- S Veitumannvirki
- Byggingarreitur
- P-30 Fjöldi bílastæða innan lóðar
- Kvöð um gangstétt innan lóðar
- Bílastæði, leiðbeinandi staðsetning
- Djúpgámar, leiðbeinandi staðsetning

Skilmálalykill:

| Húsgerð, hæðafjöldi | Fjöldi íbúða |
|---|---|
| Nýtingarhlutfall | Flatarmál lóðar |

- E Einbýlishús
- R Raðhús/parhús
- F Fjölbýlishús
- S Veitumannvirki
- BS Opið bílskýli
- BG Bílageymsla
- I/II/III Hæðafjöldi

- Kvöð um garðaaðgengi
- Mörk lóðahluta til einkanota. Til skýringar
- Samgöngukerfi:
  - Akbraut
  - Bílastæði
  - Hraðahindrun
  - Gangstétt, göngustígur
  - Hjólabraut
  - Kantar, frágangur
- L Opið svæði, leiksvæði
- Lækjarfarvegur / blágrænar ofanvatnslausnir
- Skýringarlínur, grunnkort

**Akraneskaupstaður**
**Skipulags- og umhverfissvið**

# Skógahverfi Akranesi. Áfangi 3C.

## Breyting

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi Skógahverfis 3C, sem samþykkt var 11.1.2022.

Gert verði ráð fyrir óreglulegri skiptingu og niðurröðun íbúða og fjölgun um eina íbúð í raðhúsi á lóð Skógarlundar 42. Byggingarreitur fyrir bílskýli við götu er felldur út. Lóðin er minnkuð en lóð Skógarlundar 40 stækkuð sem því nemur. Byggingarreitur á lóð Skógarlundar 40 er stækkaður en íbúðafjöldi verður þar óbreyttur.

Afmörkuð er lóð fyrir dreifistöð raforku við norðurhorn Skógarlundar 42 og stendur sú lóð við áformaða þvergötu til norðurs úr Skógarlundi. Lóð Skógarlundar 42 minnkar að sama skapi.

## Breyting á greinargerð

Almennum texta um þéttleika og fjölda íbúða er ekki breytt vegna svo smávægilegra breytinga á deiliskipulagi.

Hvorki er gerð breyting á almennum skilmálum né sérskilmálum deiliskipulagsins.

**Kafli 2.10 Dreifistöðvar raforku.**

Við bætist ein lóð undir dreifistöð raforku við norðurhorn Skógarlundar 42. Dreifistöðvar raforku verða þrjár í áfanga 3C.

## Breyting á skipulagsuppdrætti

Lóðum Skógarlundar 40 og 42 er breytt sbr. lýsingu í inngangi og afmörkuð ný lóð fyrir dreifistöð raforku. Útfærsla göngustígs og blágrænna ofanvatnslausna á opnu svæði milli Skógarlundar 42 og 44 er færð til samræmis við verkhönnun.

## Umhverfismatsskýrsla

Breytingar á lóðamörkum og húsagerðum hefur hvorki áhrif á umhverfi né samfélag. Fjölgun um eina íbúð hefur engin áhrif á umferðaröryggi á svæðinu og skerðir á engan hátt umhverfi eða aðstöðu nágranna. Lagfærðar leiðbeinandi línur fyrir blágrænar ofanvatnslausnir til samræmis við verkhönnun eru að sama skapi hlutlausar gagnvart umhverfisáhrifum.

- - -

Breytingin er óveruleg sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin hefur engin áhrif á hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og veitufyrirtækis og er því samþykkt án grenndarkynningar sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga.

Deiliskipulagsbreyting þessi var samþykkt með vísan í 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2020

í skipulags- og umhverfisráði þann ____________

og bæjarstjórn Akraness þann ____________

____________________
bæjarstjóri

Gildistaka breytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda ____________

| TEIKNA TEIKNISTOFA ARKITEKTA | Skógahverfi, Akranesi. Áfangi 3C | |
|---|---|---|
| KAUPANGI V/MÝRARVEG, 600 AKUREYRI, SÍMI 461 5508, NETFANG: arni@teikna.is, www.teikna.is | Breyting. Skógarlundur 40 og 42. Dreifistöð raforku. | VERK 21-631/23-739; BLAÐ 03 |
| HANNAÐ ÁÓ | TEIKNAÐ ÁÓ | DAGS. 17.7.2023 |
| KVARÐI 1:1.000 Blaðstærð A3 | | BREYTT |